

## Guðrún Jannesdóttir í Köldukinn 1786<sup>1</sup>

Anno 1786, þann 18. júní, vorum við undirskrifaðir hreppstjórar í Torfalækjarhrepp eftir veleðla hr. sýslumannsins, Magnúsar Gíslasonar, skikkun, til staðar í Köldukinn að registrera eftirlátið sterbú Guðrúnar sál. Jannesdóttir sem var egtakvinna Jóns Þorvarðssonar sem þar enn nú býr, og fyrirfinnst það svo á sig komið sem fylgir:

Í bókum	Hundruð	Álnir
Vídalínspostilla gömul		58
Messusöngsbók og guðspjalla		9
Diarium rotið		4
Passíusálmar og prædikanir af Tord x <sup>ti</sup>		8
Í klæðnaði		
Forn og bætt einskeptu hempa með skinnsaum		20
Niðurhlutur af kersu með saum, gamall		15
Klæðissvunta með lélegum silfurknapp		20
Kotpils af klæði með þrjónasaumskoti, gamalt og svart, bætt framan í		25
Í rúmfötum		
Brekán með salúns röndum		30
Einskeptu rekkjuvoðir, bornar		35
Fiðurkoddi með bláröndóttu einskeptuveri		10
Lérefts sparklak með bláum röndum		15
Fatnaður í rúmfötum fólksins, mest forn og lélegur		45
Í bús- og eldsgögnum		
Tveir tveggja tunnu sáir, gamlir og fúnir		30
Ditto, þriðji 2 ½ tunnu sár, lítt nýtur		8
Strokkur gamall		8
Fimm trog og þrjú af þeim held		12
Þrjár fötur, ein lítil og allar lélegar		8
Fjögur smákeröld, löppuð og lasin		5
Fimm fjórðunga pottur, gamall		60
Ditto, 2 ½ fjórðungs pottur		15
Fjórir askar og fjórar öskjur		7
Í kistum og reiðskap		
Tveggja vætta kista, fúin, með lélegri skrá		10
Minni tveggja vætta kista		15
Ditto, vættarkista, gömul skrálæst		8
Eikarkistill járnbundinn, fúinn og lélegur, með lítt nýtri skrá		7
Torfkrókar og taðkláfaskrifli		5
Þrír klifberar, lélegir		7
Tvenn ólarreipi, hnýtt og gömul		7
Tvenn bandreipi		5
Ein varreka léleg og önnur varlaus		3
Páll brúkanlegur		4

<sup>1</sup> ÞÍ. Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/47. Ýmislegt er óljóst í þessari uppskrift.

Járnkarl	7
Eitt pund járn	1
Eitt orf og fimm hrífur, ditto fimm klárur, lélegt	5
Torfljár með skammorfi, gamall	4
Langviðarsagarbrot	2
Steðji gamall	30
Slaghamar, dengsluhamar og lóð	14
Töng, lítt nýt	1
Skarexi, handexi, samt sög	3

#### Í hrosshári

Tveir fletjupokar og tveir tínupokar, einn bættur	15
---	----

#### Aðskiljanlegt

6 pund af tini, nefnilega kanna og tveir diskar	30
Ein tinkúpa	7
Munnlaug, lítil	6
Kertapípa	6
Reisla, gömul og léleg	2
Einn fjórðungur af nautsleðri	30
Gamall kvenþófi og hnakkdýna	6

#### Karlfatnaður

Síðhempa af smávaðmáli, forn	18
Mussa með hornhnöppum og buxur, forn	22
Peysa, forn, með 24 silfurknöppum	40
Brjóstadúkur af svörtu og rauðu flaueli	15
Vefstaður með skilfjöl, skottum og skeið	15
Rúmstokkur með bríkum	4
K[j]allari með 6 mk. glösum	7

#### Í fríðum peningi

Ung kýr kálflaus	1	
16 vetra gömul kýr		100
Tarf vetrungur, veturgamall		40
12 ær, ungar og gamlar	2	
11 kindur veturgamlar		110
Tveir sauðir, tveggja vetra		40
Gamall hestur, 15 vetra		70
Summa	13	3

Af ofanskrifuðu afhendir Jón Þorvaðsson Jóni syni sínum á móti því sem Arngrímur áður meðtekið hefur, eftir fylgjandi:

Tvær kýr	1	100
Þrjár ær með lömbum	1	40
Fjórar kindur veturgamlar		40
Vídalínspostilla		55
Rúmfötin öll		40
Sálma- og guðspjallabók		9
Smíðatólin öll		51

Minni tveggja v[ætta] kistan og eikarkistill	22
Salúnsbrekán og einskeptu rekk[ju]voðir	45
Lítill fiðurkoddí með bláu veri	10
Klæðissvinta með silfurknappi og kvenhempa	40
Einn sár og fimm trog	27
2 ½ fjórðungs pottur	15
Hestur gamall	70
Silfurskeið með knappi	60
Kertapípa gömul	6
Summa	<u>7</u> 30

Hér fyrir utan er jörðin Köldukinn með tilheyrandi húsum og þau, sem af núverandi eiganda hennar hafa fleiri leigð verið en þá hann við tók, eru af okkur lögð til uppbótar þeim nauðsynlegustu sem hvörri jörðu fylgja eiga, af hvörjum mörg fyrirfinnast gömul og brostfeldug. Hvört hundrað jarðarinnar, sem tekin er 30 #, virðist oss það hæsta metast kunna en trautt seljast á þessari tíð fyrir 4 rd. croner. Verður þá jörðin fyrir 28 #, 8 álnir, til specie reiknað. Verður svo summa á föstu og lausu góssi, fyrir utan það sem áður er afhent Jóni Jónssyni, 33 #, 101 alin.

Hér að auki er þess að geta, að bræðurnir, Jón og Arngrímur, reikna hér inni standi í búinu sitt 60 álna kaup árlega, Arngrímur fyrir 13 ár en Jón fyrir 17 ár, síðan Pilippía systir þeirra giftist, sem þeir vilja alvarlega til reiknings færa, svo framt sem systir þeirra eður mágar veita hér nokkurt arfs tilkall móti þeirra foreldra skriflega gjörðri fjárskipta ráðstöfun af 18. mars 1785, hvað gjörir til samans 15 #. Þar að auki er þess að geta að vinnupilturinn Jón Gíslason, hvör eð hingað kom með nokkra fjármuni og hefur hér í nokkur ár þjónað og lítill eður engin laun fengið, skal að húsbóndans vilja hér upp bera, áður burtu víkur, til klæðnaðar og reiðtygja auk hversdagsklæða, gilt hundrað.

Hér að auki er skuldin til höndlunarinnar 3 rd. courant, 12 sk., þar með til uppskriftarmannanna 10 álnir. Summa skuldanna 16 #, 93 álnir. En í mót systranna hluta eiga þeir hér að upp bera, ef búið hrekkur til, Arngrímur 19 #, 84 álnir en Jón bróðir hans fyrir utan það honum var nú afhent 19#, 90 álnir.

Að þetta hafi svo fram farið vitna undirskrifaðir, sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir.

Erlendur Guðmundsson, Ólafur Helgason